

1862.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að gefa út íslenzk leiðarbréf og mæla skip. 24. októberm.

Með því dómsmálastjórnin með öllu fellst á þá skoðun, er þér, herra stiptamtmaður, hafid látið í ljósi í bréfi yðar 15. ágústm. þ. á. um uppástungu, er komið hafði frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um, að honum verði veitt leyfi til að út gefa íslenzk leiðarbréf, þegar þess er óskað, handa skipum sem koma til Hafnarfjarðar og Keflavíkur frá útlöndum, og ekki hafa leiðarbréf þessi meðferðis, og að hann fái áhöld þau, er þarf til að mæla stærð skipa þeirra, sem ekki hafa neitt löggilt mál, þá skorar stjórnarráðið á yður að gefa sýslumanninum svar þessu samkvæmt, og um leið benda honum á, að hann ekki megi leyfa, að neitt sé flutt í land af farmi skipa þeirra, sem koma beina leið frá útlöndum til verzlunarstada þeirra, sem að ofan eru nefndir, eða að neitt sé flutt út í þau skip, þó þau hafi íslenzk leiðarbréf, fyrri en búið er að sanna það af skjölum þeim, er þau hafa meðferðis, að þau samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 15. aprílm. 1854, 2. gr., áður hafi komið við á einhverri af þeim 6 höfnum, sem þar eru nefndar¹.

61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um korn er sent var til Snæfellsnes sýslu. 24. októberm.

Um leið og þér senduð hingað reikning yfir korn það, sem sent var til Snæfellsnes sýslu vorið 1861 með skipi, er „Anna“

1) Stiptamtmaðurinn hafði í bréfi sínu til stjórnarráðsins látið þá skoðun í ljósi, að eigi bæri að fallast á uppástungu Clausens sýslumanns, og í því efni tekið fram: »að þó því að visu ekki verði neitað, að það geti orðið til nokkurra óhæginda og nokkurrar tafar fyrir þá, sem ætla á einhverja höfn í Gullbringu sýslu, að koma fyrst við í Reykjavík, þá sé þó svo skammt milli hafna þessara og Reykjavíkur, og óhægindi þau, sem um er rætt, því svo litil, að þess vegna ekki sé næg astæða til að gjöra undantekning frá boði laganna aðeins fyrir greindar hafnir.«